

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 200/2023

frá 22. september 2023

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/971 frá 16. júní 2021 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja, I. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns, I. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/54/EB um markaðssetningu sykkurrófufræs, I. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/55/EB um markaðssetningu grænmetisfræs og I. viðauka við tilskipun ráðsins 2002/57/EB um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs, að því er varðar notkun á lífefnafræðilegum og sameindafræðilegum aðferðum ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 2. lið (tilskipun ráðsins 66/401/EBE), 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE), 11. lið (tilskipun ráðsins 2000/54/EB), 12. lið (tilskipun ráðsins 2002/55/EB) og 13. lið (tilskipun ráðsins 2002/57/EB) í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 L 0971**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/971 frá 16. júní 2021 (Stjtið. ESB L 214, 17.6.2021, bls. 62).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 214, 17.6.2021, bls. 62.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdartilskipunar (ESB) 2021/971, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 23. september 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 22. september 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.